

## Minnisblað um ritháttinn Hvannadalshnjúkur eða Hvannadalshnúkur

Til mín hefur leitað ráða um ofangreint efni Guðmundur Ögmundsson, starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs, með aðsetur í Skaftafelli. Hér fer á eftir stutt samandregið yfirlit um þetta álitamál. Tilefni fyrirspurnarinnar er útgáfa á ýmsu kynningarefni á vegum þjóðgarðsins og fleiri aðila, tengt m.a. gönguferðum á þennan hæsta tind landsins. Í undirbúningi mun vera endurnýjun uppdráttar af suðursvæði þjóðgarðsins, framleiðsla á flíkum með áritaðri nafngift hæsta tinds landsins og uppsetning vefsjár til leiðbeiningar fyrir göngufólk.

Við athugun málsins hafði ég m.a. samband við Odd Sigurðsson jöklafræðing og Svavar Sigmundsson fv. forstöðumann Örnefnastofnunar, nú Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar.

Hér á eftir nefni ég helstu atriði sem ég tengi við þetta álitaeefni.

**1. Báðir rithættirnir eiga rétt á sér.** Báðir rithættirnir, - hnjúkur og – hnúkur, sem endurspeglar breytilegan framburð, eru viðurkenndir sem eðlilegt íslenskt mál, jafnt í framburði sem rituðu máli. Í *Íslenskri orðsifjabók* eftir Ásgeir Blöndal Magnússon stendur:

**hnjúkur** k (17. öld) ‘fjallstindur, fjallskollur, ...; sbr. nno *njuk, núk, nýk* (s.m.) og *njuka* ‘vinna af iðni og kappi’ (bogra, hnúka yfir e-u?). Sjá *hnúkur, hnúka* og *hnaukur, hneykja, hnoka* (1), *hnokinn, hnokki* og *hnykkja*; ath. *knjúk(u)r*.

**hnúkur** k (17. öld) ‘fjallstoppur, (oddlaga) fjall’; sbr. nno, *núk, njuk, nýk* fjallakollur, tindur’, þ. máll. *nock* (hljks.) smáhæð’. Sjá *hnaukur, hnjúkur* og *hnúka*.

Báðir rithættirnir eru líka sýndir í Orðabók Menningarsjóðs og þar sagðir jafngildir.

Svavar Sigmundsson benti mér á að elsta dæmi í heimildum um orðið hnjúkur sé ekki frá 17. öld eins og Ásgeir Blöndal greinir frá í Orðsifjabók, heldur úr einu handriti Sturlungu, þ.e. AM 122 a fol frá ca 1350-1370, í samsetningunni *holtshnjúknunum*, þar sem annars staðar stendur *holtsmúlanum*.

### 2. Svar Guðrúnar Kvaran á Vísindavef 2008.

Guðrún Kvaran, forstöðumaður *Orðabókar Háskólans* svarar eftirfarandi fyrirspurn Hreins Sigurðssonar á Vísindavefnum 11.9. 2008:

#### **Hvort er réttara að skrifa Kárahnúkar eða Kárahnjúkar, Hvannadalshnúkur eða Hvannadalshnjúkur?**

Svar hennar er á þessa leið:

„Báðar myndirnar, hnúkur og hnjúkur, eru jafn réttar en notkun þeirra er landshlutabundin. Elstu dæmi Orðabókar Háskólans eru í báðum tilvikum frá 17. öld og skyld orð í grannmálunum eru *nuk, njuk, nyk* í nýnorsku í sömu merkingu. – Athuganir sýna að orðmyndin hnjúkur er notuð um nánast allt Norður-, Austur- og Suðausturland og vestur fyrir Vatnajökul. Á Suður- og Vesturlandi er myndin hnúkur ráðandi. **Samkvæmt þessu eru myndirnar Kárahnjúkar og Hvannadalshnjúkur með –j-i en Móskaðshnúkar í Esjunni –j-lausir.**“

### 3. Sveinn Pálsson ritar **Hvannadalshníúkr** árið 1793.

Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá miðri 18. öld er ekki minnst á Hvannadalshnjúk né heldur í Ferðabók Olavíusar frá 8. áratug sömu aldar. Það er fyrst Sveinn Pálsson náttúrufræðingur sem getur um Hvannadalshnjúk í Dagbók sinni 1793, en þá ferðaðist hann um Skaftafellssýslur. Í frumriti hans að Dagbókinni á dönsku, Í.B. 1-3 fol sem varðveitt er á Landsbókasafni, stendur skýrum stöfum **Hvannadalshníúkr** (sjá meðfylgjandi ljósrit). Þessum rithætti er hins vegar ekki haldið til haga í fyrstu prentaðri útgáfu Ferðabókar Sveins Pálssonar, útg. 1945 í þýðingu Jóns Eypórssonar, heldur er þar ranglega ritað Hvannadalshnúkur. Er það ekki eina dæmið í þeirri útgáfu um frávik frá rithætti Sveins á örnefnum, sbr. Færines í stað Færnes, sem enn er mælt mál manna í Skaftafelli/Freysnesi. Í afritum af Dagbók og Jöklafréttum Sveins frá fyrrihluta 19. aldar er rithætti frumritsins hins vegar haldið til haga („Henderson-handritið“ frá 1815, Lbs. 2445 4to ) sem og í afriti Sigurðar Hansen, ritara Jóns Sigurðssonar (JS 26 fol) nokkrum áratugum síðar (Abending til mín frá Oddi Sigurðssyni).

Þótt ekki sé hægt að fullyrða að ritháttur Sveins endurspegli framburð Öräfinga um þetta leyti, eru líkur á að svo sé. Sjálfur var Sveinn fæddur í Skagafirði, en hafði dvalið syðra og í Kaupmannahöfn í röskan áratug, áður en hann hóf rannsóknir sínar á Íslandi.

### 4. Hvað segja okkur landabréfin?

Fyrsta heildstæða landabréfið af Íslandi eru kort Björns Gunnlaugssonar, fjórðungakort og yfirlitskort af landinu öllu, gefin út á árunum 1844–1848. Á þessum uppdráttum stendur nafnið **Hvannadalshnúkr**, þ.e. –j– eða –i– er þar sleppt. Kemur það nokkuð á óvart, sbr. áðurgreint afrit Sigurðar Hansen af Dagbók Sveins Pálssonar, en Jón Sigurðsson mun hafa verið fenginn til að ganga frá nafnsetningu á kortum Björns til útgáfu. Íslandskort hans varð fyrirmynd margra, m.a. í uppdráttum á 20. öld, þar sem til skamms tíma gefur að líta nafnið Hvannadalshnúkur. **Á síðustu útgefnum kortum Landmælinga Íslands birtist hins vegar rithátturinn Hvannadalshnjúkur.** Á það benti Svavar Sigmundsson fv. forstöðumaður Örnefnastofnunar, sem segir í tölvuskeyti til mín 17. febrúar sl.: „... á kortum Landmælinga Íslands þeim síðustu sem gefin voru út þar, var myndin Hvannadalshnjúkur. Það er óhætt að segja að Öräfin a.m.k. séu blendingssvæði. **Mér finnst ekki úr vegi að festa nafnmyndina Hvannadalshnjúk innan þjóðgarðsins, m.a. í ljósi þess sem Landmælingar hafa verið að gera.**

### 5. Útgefin rit um Austur-Skaftafellssýslu.

Í meirihluta útgefna rita um Öräfasveit og Austur-Skaftafellssýslu, sem mér eru kunn, er notuð orðmyndin Hvannadalshnúkur og það sama kemur fram í örnefnaskrá jarða í Öräfum þar sem hnjúksins er getið. Hins vegar er skránum ekki alltaf treystandi þegar um framburðarmun er að ræða. Sjálfur ritaði ég Hvannadalshnúkur í Árbók FÍ 1993, þá að höfðu samráði við ritstjóra og með hliðsjón af fyrri árbókum, en hvarf frá því fáum árum síðar (1997). Til samræmis við það hef ég ritað nafnið Hvannadalshnjúkur í texta og á uppdrætti (Leyndardómar Vatnajökuls 1997 [meðhöfundur Oddur Sigurðsson og Leiðsögn um Vatnajökulspjóðgarð 2012).

### 6. Staðbundinn framburður.

Í ofangreindu svari Guðrúnar Kvaran (sjá tölulið 2) kemur fram að orðmyndin –hnjúkur sé ráðandi á Suðausturlandi og vestur fyrir Vatnajökul. Það byggir hún á gögnum Orðabókar Háskólans. Ekki er mér kunnugt um sérstakar fræðilegar rannsóknir um staðbundinn framburð þetta varðandi í byggðunum sunnan Vatnajökuls. Í framburði manna hefur líka margt tekið breytingum upp á síðkastið. Mín tilfinning er sú að framburður á orðmyndinni hnjúkur/hnúkur

sé nú blandaður á umræddu svæði, sem ekki kemur á óvart. Vafalaust hafa útgefin landabréf og textar, þar sem oftast en ekki koma að undirbúningi einstaklingar búsettir á höfuðborgarsvæðinu, hafi haft þau áhrif að ýta undir ritháttinn –hnúkur í stað –hnjúkur um alllangt skeið.

### 7. Ringulreið á Netinu.

Á Netinu blasir við blanda af báðum orðmyndunum, í vissum tilvikum hnjúkur/hnúkur sitt á hvað innan sömu heimasíðu, jafnvel í einni og sömu greininni. Undirstrikar það þörfina á að festa aðra hvora orðmyndina í sessi í opinberum útgáfum, ekki síst þar eð í hlut á hæsti tindur landsins sem höfðar til sívaxandi fjölda göngufólks.

### 8. Fjöldi „hnjúka“ innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Innan Vatnajökulspjóðgarðs eru allmörg örnefni sem hafa hnjúkur sem síðari lið. Þau má finna innan allra svæða þjóðgarðsins og á jöklinum sjálfum, en flest eru þau þó á Norðursvæði þjóðgarðsins. Dæmi um þetta, fyrir utan Hvannadalshnjúk, eru m.a. Rótarfjallshnjúkur í Örafajökli, Svíahnjúkar við Grímsvötn, Gæsaahnjúkur norðvestan undir Bárðarbungu, Rifnihnjúkur og Lónshnjúkur í Krepputungu, Sauðahnjúkar og Þjófahnjúkar við Snæfell og Goðahnjúkar norðaustan í Vatnajökli. Meirihluti þessara hnjúks-örnefna eru ótvírætt á eða nálægt svæðum þar sem j-hljóð er ráðandi í framburði orðsins hnjúkur. **Styrkir þetta það sjónarmið að rithátturinn hnjúkur sé festur í sessi innan Vatnajökulspjóðgarðs og þá einnig í nafni Hvannadalshnjúks**, sbr. einnig tilfærð ummæli Svavars Sigmundssonar hér að ofan.

### Mín niðurstaða.

Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt, og þá einkum

- vitnisburðar Orðabókar Háskólans um ráðandi framburð á landinu austanverðu,
- ummæla Svavars Sigmundssonar, m.a. um síðustu útgefin kort Landmælinga Íslands,
- ritgerða Sveins Pálssonar um Örafajökul, svo og
- æskilegs samræmis í nafngiftum innan Vatnajökulspjóðgarðs.

**tel ég ráðlegt að festa í sessi ritháttinn Hvannadalshnjúkur**, ekki síst í opinberum gögnum. Með því er að sjálfsögðu ekki verið að dæma orðmyndina –hnúkur úr leik, heldur verði hún notuð í útgefnum efni sem tengist sunnan- og vestanverðu landinu.

-----